

10.12.2018

Bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um 440. mál

Á fundi fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis í morgun óskaði formaður nefndarinnar eftir því að fá senda bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30. nóvember um ofangreint mál.

Bókunin er svohljóðandi:

23. 1809012SA - Breytingar á lögum um fjármál stjórnmalasamtaka

Lagt fram bréf framkvæmdastjóra stjórnmalaflokka Alþingis, dags. 22. nóvember 2018, um hugsanlegar breytingar á lögum um fjármál stjórnmalasamtaka og fjárstuðning sveitarfélaga við þau.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga var sammála því að öll sveitarfélög verði greiðsluskyld. En skiptar skoðanir voru um að sett yrði lágmarks viðmiðurnargjaldskrá og því ekki tekin afstaða til þess þáttar. Formanni falið að ræða við fulltrúa framkvæmdastjóra flokkanna.

Á fundi með nefndinni vísaði undirritaður til þessarar bókunar en fjallaði að öðru leyti ekki um efni frumvarpsins. Undirritaður benti hins vegar á að við framlagningu þessa stjórnarfrumvarps hafi verið farið framhjá öllum samráðsferlum og er tilefni til að halda þeirri athugasemd til haga að mjög ríkar ástæður þurfi að liggja að baki slíkri málsmeðferð.

F.h. sambandsins,
Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs